

8. september 2017

## Landsframleiðslan 2016 – endurskoðun

### *Gross Domestic Product 2016 – Revision*

#### *Samantekt*

Vöxtur landsframleiðslunnar nam 7,4% að raungildi á árinu 2016 og er hún nú 11% meiri en árið 2008. Einkaneysla og fjárfesting vógu þyngst í vexti landsframleiðslunnar en alls jukust þjóðarútgjöld um 8,9%. Einkaneysla jókst um 7,1%, samneysla um 1,9% og fjárfesting um 22,8%. Árlegur vöxtur einkaneyslu hefur ekki mælst meiri frá árinu 2005.

Fjárfesting jókst um 22,8% á síðasta ári en árlegur vöxtur fjárfestingar hefur ekki mælst meiri síðan árið 2006. Umtalsverð aukning var í fjárfestingu atvinnuveganna, eða 26,4% og sömuleiðis í íbúðafjárfestingu, eða 29,4%. Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu nam 21,3% á árinu 2016 sem er töluvert nær sögulegu meðaltali en verið hefur síðustu ár.

Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneysla 22,8% á liðnu ári sem er heldur lægra en undanfarin ár. Á árabílinu 2010–2015 var hlutfallið 24,2% að meðaltali en undanfarna tvo áratugi hefur það verið 23,3%.

Útflutningur jókst um 10,9% á árinu 2016, þar af nam aukning í útflutningi þjónustu 18,6% og vöruútflutningi 3,7%. Þetta er í fyrsta skipti frá því að gerð þjóðhagsreikninga hófst árið 1945 sem tekjur af útfluttri þjónustu mælast hærri en af vöruútflutningi.

Vöxtur innflutnings nam 14,5% á árinu 2016 og dró utanríkisverslun úr hagvexti þrátt fyrir 155,4 milljarða króna afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum á liðnu ári. Er það áttunda árið í röð sem afgangur er af viðskiptum Íslands við útlönd.

Afgangur af launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum nam 45,7 milljörðum króna á síðasta ári. Viðskiptakjaraáhrif sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs voru sömuleiðis jákvæð um 1,4% á árinu. Það, ásamt jákvæðum viðskiptajöfnuði, varð til þess að þjóðartekjur jukust meira en sem nam vexti landsframleiðslu eða um 11,3%.




Hagvöxtur 7,4% á árinu 2016,  
4,3% árið 2015

Hagstofan birtir nú endurskoðun á þjóðhagsreikningum fyrir árið 2016. Samkvæmt henni nam landsframleiðsla ársins 2016 2.448 milljörðum króna en það er rúmum 216 milljörðum eða 9,7% hærri fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðslan að raungildi um 7,4% samanborið við 4,3% vöxt árið áður. Landsframleiðsla á liðnu ári var meiri að raungildi en hún hefur áður verið og var 11,1% meiri en árið 2008.

Að teknu tilliti til 1,4% mannfjöldaaukningar jókst landsframleiðsla á mann að raungildi um 5,9% árið 2016. Frá árinu 2010 hefur landsframleiðsla á mann aukist um 16,9% að raungildi og er meiri en áður hefur mælst.

### Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu

Figure 1. GDP growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016. Preliminary data 2015 and 2016.

Einkaneysla jókst um 7,1%

Einkaneysla jókst um 7,1% að raungildi á árinu 2016 sem er meiri árlegur vöxtur en mælst hefur síðan árið 2005. Að raungildi var einkaneysla á síðastliðnu ári hærri en áður hefur mælst, að árinu 2007 undanskildu.


Á árinu 2016 var einkaneysla 84% meiri að raungildi en hún var á árinu 1990 en á sama tíma hefur landsframleiðsla ríflega tvöfaldast og mannfjöldinn aukist um 32%. Einkaneysla á mann hefur því aukist um 40% en landsframleiðsla um 60% á þessu tímabili.

Hlutfall einkaneyslu lágt í  
sögulegu samhengi

Árið 2016 reyndist hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu vera 49,5% sem er lægsta hlutfall frá því mælingar hófust árið 1945. Í sögulegu samhengi hefur þetta hlutfall verið mjög lágt frá árinu 2008 eða að meðaltali 51,8% samanborið við 58,4% á tímabilinu 1980 til 2007.

## Mynd 2. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu

Figure 2. Private final consumption and GDP, volume indices



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016. Preliminary data 2015 and 2016.

### Samneysla jókst um 1,9%

Samneysla jókst um 1,9% að raungildi á liðnu ári. Til samanburðar nam aukning í samneyslu 1,0% árið 2015 og 1,7% árið 2014. Þetta er hægur vöxtur í ljósi þess að árin 2000–2008 var vöxtur samneyslunnar að meðaltali 4,0% á ári.

Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneysla 22,8% á liðnu ári sem er heldur lægra en síðustu ár. Á árabílinu 2010–2015 var hlutfallið 24,2% að meðaltali en frá árinu 1996 til ársins 2016 hefur hlutfall samneyslu af landsframleiðslu verið 23,3% að meðaltali.

Endurskoðað uppgjör fjármála hins opinbera fyrir árið 2016, með ýtarlegum sundurliðunum, verður birt í Hagtíðindum, *Fjármál hins opinbera 2016, endurskoðun*, hinn 14. september næstkomandi.


### Fjárfesting nærri sögulegu meðaltali

Fjárfesting jókst um 22,8% að raungildi á síðasta ári samanborið við 18,5% árið 2015 og 16% árið 2014. Fjárfesting, sem hlutfall af landsframleiðslu, nam 21,3% á árinu 2016 sem er töluvert nær sögulegu meðaltali en verið hefur síðustu ár. Á árunum 2009–2015 var hlutfallið að meðaltali 16%, samanborið við 21,3% á árabílinu 1980–2015. Sambærilegt hlutfall fyrir OECD-rikin í heild hefur verið mun stöðugra, rétt undir 20% undanfarinn aldarfjórðung.

Vöxtur í fjárfestingu atvinnuveganna mældist 26,4% árið 2016 samanborðið við 29,9% vöxt árið 2015. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði jókst um 29,4% í fyrra, samanborið við 3,1% samdrátt árið 2015. Fjárfesting hins opinbera dróst saman um 1% á liðnu ári, samanborið við 2,6% samdrátt árið 2015.

### Mynd 3. Magnvísitala fjárfestingar og helstu undirliða

Figure 3. Gross fixed capital formation, volume indices by main components



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016. Preliminary data 2015 and 2016.

Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins ýmist til hækkunar eða lækkunar. Þessi stærð skiptir oft sköpum varðandi heildarfjárhæðir í fjárfestingu og utanríkisviðskiptum en áhrif á landsframleiðslu eru aftur á móti lítil sem engin þar sem fjárfestingaráhrifin vega á móti áhrifum á utanríkisviðskipti. Hvað árið 2016 varðar eru þessi áhrif nokkur en atvinnuvega-fjárfesting að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst á síðasta ári um 29,6% og fjárfesting alls um 24,7%.

#### Þjódarútgjöld jukust um 8,9%

Þjódarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, jukust um 8,9% að raungildi á liðnu ári og er það mesti vöxtur frá árinu 2006. Árið 2015 nam aukningin 6,2% og 5,4% árið 2014.


#### Tekjur af útfluttri þjónustu hærri en af vöruútflutningi

Heildarútflutningur jókst um 10,9% árið 2016. Þar af jókst vöruútflutningur um 3,7% og útflutningur á þjónustu um 18,6%. Á sama tíma jókst innflutningur um 14,5%, þar af á vörum um 13,7% og á þjónustu um 15,8%. Þó að innflutningur hafi aukist nokkuð umfram útflutning varð verulegur afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á árinu 2016, eða 155,4 milljarðar króna, samanborið við 163,9 milljarða króna árið áður á verðlagi hvors árs.

Undanfarin ár hefur útflutningur vöru og þjónustu verið afar mikill, mældur sem hlutfall af landsframleiðslu. Árið 2016 nam hlutfallið 48,5% og hefur verið um og yfir 50% frá árinu 2009. Til samanburðar mældist hlutfallið að meðaltali 34,7% á árunum 1980-2008. Útflutningur þjónustu nam 26,4% af landsframleiðslu á árinu 2016 og er þetta í fyrsta skipti frá því að gerð þjóðhagsreikninga hófst árið 1945 sem tekjur af útfluttri þjónustu mælast hærri en af vöruútflutningi.

#### Mynd 4. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu

Figure 4. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016. Preliminary data 2015 and 2016.


Þjóðarútgjöld jukust umfram landsframleiðslu

Meiri aukning innflutnings en útflutnings að raungildi olli því að landsframleiðsla jókst nokkuð minna en sem nam vexti þjóðarútgjalda, eða um 7,4% samanborið við 8,9% aukningu þjóðarútgjalda. Árið 2015 jukust þjóðarútgjöldin um 6,2% en landsframleiðslan um 4,3%.

Undanfarin fimm ár hefur landsframleiðslan að raungildi vaxið um 20,9% en þjóðarútgjöldin um 24,8%. Frá árinu 1990 hafa þjóðarútgjöldin aukist um 92,8% en verg landsframleiðsla um 110,8%.

#### Mynd 5. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 5. Contribution to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016. Preliminary data 2015 and 2016.


**Meiri vöxtur þjóðartekna**

Við mat á afkomu þjóðarbúsins er oft litið til þjóðartekna þar sem tillit er tekið til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og launa- og fjáreignatekna til og frá útlöndum (að stærstum hluta vaxta- og arðgreiðslur). Viðskiptakjaraáhrif, sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, voru jákvæð um 1,4% árið 2016 og um 3,9% árið 2015. Verð á útfluttum vörum og þjónustu lækkaði á árinu 2016 um 10% í íslenskum krónum en verð á innfluttum vörum og þjónustu lækkaði um 12,1% sem skýrir þessi hagstæðu áhrif.

Frá árinu 2011 hafa vergar þjóðartekjur á föstu verði aukist umtalsvert umfram raunvöxt vergrar landsframleiðslu sem endurspeglar bættu stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og hagstæða viðskiptakjaraþróun á tímabilinu. Í heild hafa vergar þjóðartekjur á föstu verði aukist um 45,9% á árabílinu 2011 til 2016 samanborið við 20,7% vöxt vergrar landsframleiðslu.

**Afgangur af viðskiptajöfnuði aldrei verið meiri**

Viðskiptajöfnuðurinn (án rekstrarframlaga) var jákvæður um 201 milljarð á síðasta ári eða um 8,2% af landsframleiðslu, þrátt fyrir 101,6 milljarða neikvæðan vöruskiptajöfnuð. Frá því gerð þjóðhagsreikninga hófst á Íslandi árið 1945 hefur afgangur á viðskiptajöfnuði aldrei verið meiri en síðustu fjögur ár, eða sem nemur 6,6% af landsframleiðslu að meðaltali.

**Mynd 6. Magnvísitala landsframleiðslu og þjóðartekna***Figure 6. GDP and GNI, volume indices*

**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016. Preliminary data 2015 and 2016.

Í fyrsta skipti frá því að gerð þjóðhagsreikninga hófst árið 1945 mældist afgangur af launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum á síðasta ári og nam hann 45,7 milljörðum króna. Jákvæð viðskiptakjaraáhrif, ásamt jákvæðum viðskiptajöfnuði, urðu til þess að þjóðartekjur jukust meira en sem nam vexti landsframleiðslunnar eða um 11,3%. Þjóðartekjur á liðnu ári voru að raungildi meiri en þær hafa verið áður, eða 19% hærra en árið 2007. Frá árinu 2009 hafa þær aukist um 54,4% að raungildi.

**Hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu**


Hér að ofan er landsframleiðsla metin út frá ráðstöfunarhlið, með því að meta útgjöld þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. Framleiðslu er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 8 eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 2011–2016 en

þar kemur fram hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu. Í töflu 7 eru sýndar magnvísitölur framleiðslunnar í sömu atvinnugreinaskiptingu.

Tölur þessar eru byggðar á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til ársins 2014, bráðabirgðatölum fyrir árið 2015 og áætlun fyrir árið 2016.

### Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu (tekjuvirði)

Figure 7. The share of labour and capital in GDP (factor cost)




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016. Preliminary data 2015 and 2016.

#### Hlutur vinnuafis og fjármagns

Framleiðslu í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölu þess sem launþegar bera úr bítum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2016 er talið að í hlut launþega hafi komið um 60,7% af því sem til skipta var en fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr bítum um 39,3%. Launafjárhæð á árinu 2016 er áætluð með hliðsjón af tiltækum gögnum um launabreytingar milli 2015 og 2016 en launafjárhæðir fyrri ára eru fengnar úr framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til 2015.

### Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD ríkjum

Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016. Preliminary data 2015 and 2016.

Hagvöxtur í OECD-ríkjum  
árið 2016

OECD hefur áætlað að á liðnu ári hafi landsframleiðsla í ríkjum OECD í heild aukist um 1,8% sem er töluvert minni vöxtur en hér á landi. Á árinu 2015 jókst landsframleiðsla OECD-ríkjanna um 2,3% samanborið við 4,3% vöxt hér á landi. Ef lítið er yfir allt tímabilið 1990–2016 hefur árlegur meðalvöxtur á Íslandi reynst 2,9% en 2,2% í OECD-ríkjunum í heild.

### Endurmat landsframleiðslu og hagvaxtar

Breytingar eldri talna


Í hagtíðindahefti þjóðhagsreikninga sem birt var í mars síðastliðnum var tilkynnt um fyrirhugaðar endurbætur á útreikningi einkaneyslu en vinna við þær hefur staðið yfir um nokkurt skeið og miða að því að styrkja grundvöll útreikninga og auka áreiðanleika útgefins talnaefnis. Áhrif endurbótanna koma nú að hluta til fram í endurskoðuðum niðurstöðum. Þau eru ýmist til lækkunar eða hækkunar og hafa samanlagt óveruleg áhrif miðað við áður útgefnar tölur. Útgjaldaliðurinn „önnur fjármálaþjónusta“ birtist nú endurskoðaður frá og með árinu 1997 og byggir m.a. á gögnum sem safnað hefur verið í tengslum við reglubundna rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna. Útgjöld heimila vegna trygginga hafa einnig verið endurskoðuð á grundvelli betri gagna og nær sú endurskoðun aftur til ársins 2013. Svokallaðir viðbótarliðir, það er útgjöld Íslendinga erlendis og útgjöld erlendra manna á Íslandi, voru teknir til heildarendurskoðunar frá á með árinu 1997 og byggja nú á að hluta á nýjum og áreiðanlegri gögnum, m.a. um neyslu Íslendinga á frísvæði flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þá gætir einnig áhrifa endurskoðunar á hlut ferðaþjónustu í þjónustuviðskiptum utanríkisverslunar en sú endurskoðun nær aftur til ársins 2013. Í töflu 1 er birtur samanburður áður útgefins talnaefnis um hagvöxt og endurskoðaðar tölur 1997-2016.

Fyrirhugaðri endurskoðun þjóðhagsreikninga vegna nýs mats á svarttri atvinnustarfsemi, sem tilkynnt var um í tengslum við bráðabirgðauppgerðir í mars síðastliðnum, er enn ólokið.



**Mynd 9. Vöxtur landsframleiðslu, endurmat**

Figure 9. GDP growth rate, revised figures



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016. Preliminary data 2015 and 2016

Almenna reglan við endurskoðun þjóðhagsreikninga er að við útgáfu árstalna, í mars og september eru niðurstöður þriggja ára opnar til endurskoðunar. Eldri niðurstöður teljast endanlegar, en þó geta tímaráðir lengra aftur í tímann verið endurskoðaðar ef nauðsynlegt reynist og slík endurskoðun hefur verið tilkynnt fyrirfram.

**Tafla 1. Endurskoðun á hagvexti milli ára 1997–2016**

Table 1. Revision of economic growth 1997–2016

Ár Year	Hagvöxtur skv. birtingu í mars 2017 Economic growth published in March 2017	Hagvöxtur, endurskoðun Economic growth, revised figures	Breyting Change
1997	4,6	4,4	-0,2
1998	6,6	7,0	0,5
1999	4,0	3,9	-0,1
2000	4,7	4,6	-0,1
2001	3,8	3,9	0,1
2002	0,3	0,6	0,2
2003	2,4	2,4	-0,1
2004	8,1	8,1	0,0
2005	6,7	6,4	-0,3
2006	5,0	5,0	0,0
2007	9,4	9,4	0,1
2008	1,5	1,7	0,1
2009	-6,9	-6,5	0,4
2010	-3,6	-3,6	0,0
2011	2,0	2,0	0,0
2012	1,2	1,3	0,1
2013	4,4	4,3	-0,1
2014	1,9	2,1	0,2
2015	4,1	4,3	0,2
2016	7,2	7,4	0,2

*Ýtarlegra talnaefni á netinu* Auk þess talnaefnis, sem hér birtist í Hagtíðindum, er vísað til ýtarlegs talnaefnis á vef Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaraðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga.

## English summary

*7.4% growth in GDP in 2016*

The revised annual national accounts for 2016 show a 7.4% increase in Gross Domestic Product (GDP) in real terms. In 2015 GDP increased by 4.7% and by 3.3% in 2014. The economic growth in 2016 is mainly driven by an 8.9% increase in the gross domestic final expenditure, the largest increase since 2006. Despite a large foreign trade surplus in 2016, a higher growth in imports compared to that of exports contributed to a decreased growth in GDP.

Surplus in the balance of trade and in primary income from abroad, according to figures from the Central bank of Iceland, results in a large current account surplus in 2016, or 201 billion ISK or 8.2% of GDP, compared to a current account surplus of 154 billion ISK or 6.9% of GDP in 2015.

*11.3% increase in GNI in 2016,  
9.5% increase in 2015*

During 2016 the terms of trade improved by 1.4% of GDP of the previous year, having a similar impact on Gross National Income (GNI). This development and the positive current account balance led to 11.3% growth in GNI compared to 9.5% growth in 2015.

*Household final consumption  
49.5% of GDP*

In 2016 the share of household final consumption of GDP was 49.5%, the lowest share since 1945. Since 2008 this share has been falling. For the time period 2008-2016 this share has been 51.8% on average compared to 58.4% in 1980-2007. Government final consumption amounted to 22.8% of GDP, a somewhat lower share than the previous years. Preliminary results for the General Government finances for 2016 will be published in Statistical Series on 14th September 2017.

*Gross fixed capital formation  
close to historical average*

Gross fixed capital formation (GFCF) increased in real terms by 22.8% in 2016, the highest growth since 2006. The share of GFCF was 21.3% of GDP in 2016 which is close to the historical average. The average share for the period 1980-2015 was 21.3% of GDP. A comparable results for the OECD total has been around 20% during the last quarter of a century.

*Revisions of previous  
year's results*

Some minor revisions based on better source data have been made in Household final consumption expenditure, affecting the national accounts results for previous years. Table 1 presents a comparison of previously published and revised GDP figures back to the year 1997.

Work on improving measures of the hidden economy for the production approach as well as continued improvements in private consumption is still in progress.

**Tafla 2. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 2011–2016**Table 2. *Gross Domestic Product and Gross National Income 2011–2016*

Milljónir króna á verðlagi hvers árs <i>Million ISK, current prices</i>	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>	2016 <sup>1</sup>
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	889.348	958.862	998.119	1.061.048	1.120.739	1.211.668
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	420.425	436.303	459.221	484.850	522.636	557.211
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	261.613	284.506	296.849	345.681	421.620	521.593
4. Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	1.526	1.800	-4.953	2.045	3.489	2.926
<b>5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i></b>	<b>1.572.912</b>	<b>1.681.471</b>	<b>1.749.237</b>	<b>1.893.625</b>	<b>2.068.485</b>	<b>2.293.398</b>
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	962.536	1.013.269	1.047.908	1.068.320	1.188.745	1.186.686
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	562.698	576.340	561.036	568.316	614.382	540.233
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	399.838	436.929	486.871	500.004	574.363	646.453
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	827.133	907.056	897.464	942.907	1.024.868	1.031.275
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	526.252	564.304	553.221	578.635	649.890	641.897
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	300.881	342.751	344.243	364.272	374.978	389.378
<b>8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i></b>	<b>1.708.315</b>	<b>1.787.684</b>	<b>1.899.680</b>	<b>2.019.038</b>	<b>2.232.362</b>	<b>2.448.809</b>
9. Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Primary incomes received from abroad, net</i>	-211.856	-166.898	-23.541	-33.087	-9.732	45.677
<b>10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i></b>	<b>1.496.459</b>	<b>1.620.786</b>	<b>1.876.139</b>	<b>1.985.952</b>	<b>2.222.629</b>	<b>2.494.485</b>
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga <i>Balance on current account</i>	-76.453	-60.685	126.903	92.327	154.144	201.087
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob <i>Balance on goods</i>	36.446	12.035	7.815	-10.319	-35.508	-101.664
11.2 Þjónustujöfnuður fob/fob <i>Balance on services</i>	98.957	94.178	142.629	135.733	199.385	257.075
11.3 Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Balance on primary income from abroad</i>	-211.856	-166.898	-23.541	-33.087	-9.732	45.677

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.***Tafla 3. Raunbreyting landsframleiðslu og þjóðartekna 2011–2016**Table 3. *Volume changes in Gross Domestic Product and Gross National Income 2011–2016*

Raunbreyting frá fyrra ári, % <sup>1</sup> <i>Volume changes on previous year, %<sup>1</sup></i>	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>2</sup>	2016 <sup>2</sup>
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	2,6	2,0	0,9	3,2	4,7	7,1
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	-0,1	-1,8	1,0	1,7	1,0	1,9
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	11,6	5,3	2,2	16,0	18,5	22,8
<b>5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i></b>	<b>3,4</b>	<b>1,7</b>	<b>0,6</b>	<b>5,4</b>	<b>6,2</b>	<b>8,9</b>
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	3,4	3,6	6,7	3,2	9,2	10,9
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	2,7	3,4	3,7	1,7	3,3	3,7
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	4,4	3,8	10,6	4,9	15,9	18,6
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	6,8	4,6	0,1	9,8	13,8	14,5
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	6,8	2,3	-0,3	9,3	18,6	13,7
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	6,7	8,7	0,8	10,5	6,1	15,8
<b>8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i></b>	<b>2,0</b>	<b>1,3</b>	<b>4,3</b>	<b>2,1</b>	<b>4,3</b>	<b>7,4</b>
<b>10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i></b>	<b>4,8</b>	<b>3,0</b>	<b>12,4</b>	<b>3,6</b>	<b>9,5</b>	<b>11,3</b>

<sup>1</sup> Raunbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegum keðjutengingum. *Volume changes are based on annual chain linking.*<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 4. Einkaneysla 1990–2016***Table 4. Household final consumption expenditure 1990–2016*

	1990	1995	2013	2014	2015 <sup>1</sup>	2016 <sup>1</sup>
<b>Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices<sup>2</sup></b>						
Matur og drykkjarvörur <i>Food, beverages and tobacco</i>	50.843	55.116	187.530	199.022	209.695	224.833
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	16.926	17.969	36.515	37.377	39.211	41.144
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	38.016	44.625	213.365	232.174	250.667	267.640
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	15.920	17.841	68.325	70.668	72.453	75.708
Heilsugæsla <i>Medical care and health expenses</i>	4.421	6.889	29.405	30.869	32.897	34.310
Samgöngur og póstur og sími <i>Transport and communication</i>	29.032	33.539	167.661	178.952	192.633	211.620
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	25.010	35.661	110.247	123.178	133.562	156.154
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	13.736	18.367	91.091	104.975	126.122	172.674
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	13.027	17.323	76.992	79.987	84.872	91.397
<b>Einkaneysla innanlands alls</b>						
<b>Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market</b>	<b>206.931</b>	<b>247.329</b>	<b>981.130</b>	<b>1.057.202</b>	<b>1.142.110</b>	<b>1.275.480</b>
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	17.129	18.940	94.333	104.278	119.736	137.945
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-9.140	-12.246	-114.218	-140.279	-185.004	-251.910
<b>Einkaneysla heimila alls</b>						
<b>Household Final Consumption Exp. of Resident Households</b>	<b>214.920</b>	<b>254.023</b>	<b>961.245</b>	<b>1.021.201</b>	<b>1.076.842</b>	<b>1.161.515</b>
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	7.175	9.267	36.874	39.847	43.897	50.153
<b>Einkaneysla alls Private Final Consumption Expenditure</b>	<b>222.095</b>	<b>263.290</b>	<b>998.119</b>	<b>1.061.048</b>	<b>1.120.739</b>	<b>1.211.668</b>
<b>Hlutfallsleg skipting, % Percentage breakdown</b>						
Matur og drykkjarvörur <i>Food, beverages and tobacco</i>	23,7	21,7	19,5	19,5	19,5	19,4
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	7,9	7,1	3,8	3,7	3,6	3,5
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	17,7	17,6	22,2	22,7	23,3	23,0
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	7,4	7,0	7,1	6,9	6,7	6,5
Heilsugæsla <i>Medical care and health expenses</i>	2,1	2,7	3,1	3,0	3,1	3,0
Samgöngur og póstur og sími <i>Transport and communication</i>	13,5	13,2	17,4	17,5	17,9	18,2
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	11,6	14,0	11,5	12,1	12,4	13,4
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	6,4	7,2	9,5	10,3	11,7	14,9
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	6,1	6,8	8,0	7,8	7,9	7,9
<b>Einkaneysla innanlands alls</b>						
<b>Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market</b>	<b>96,3</b>	<b>97,4</b>	<b>102,1</b>	<b>103,5</b>	<b>106,1</b>	<b>109,8</b>
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	8,0	7,5	9,8	10,2	11,1	11,9
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-4,3	-4,8	-11,9	-13,7	-17,2	-21,7
<b>Einkaneysla heimila alls</b>						
<b>Household Final Consumption Exp. of Resident Households</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	3,3	3,6	3,8	3,9	4,1	4,3
<b>Einkaneysla alls Private Final Consumption Expenditure</b>	<b>103,3</b>	<b>103,6</b>	<b>103,8</b>	<b>103,9</b>	<b>104,1</b>	<b>104,3</b>

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.<sup>2</sup> Rétt er að benda á í niðurbroti einkaneyslu eftir útgjaldaflokkum hefur ekki verið leiðrétt fyrir útgjöldum íslendinga erlendis né útgjöldum erlendra manna á Íslandi. It should be noted that in this table direct purchases abroad by resident households and direct purchases in the domestic market by non-resident households are adjusted for on aggregated level only.

**Tafla 5. Fjármunamyndun 2014–2016**Table 5. *Gross fixed capital formation 2014–2016*

	Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>Million ISK at current prices</i>			Magnbreyting frá fyrra ári, % <sup>1</sup> <i>Volume changes on previous year, per cent<sup>1</sup></i>		
	2014	2015 <sup>2</sup>	2016 <sup>2</sup>	2014	2015 <sup>2</sup>	2016 <sup>2</sup>
<b>Fjármunamyndun alls</b> <i>Gross fixed capital formation, total</i>	<b>345.681</b>	<b>421.620</b>	<b>521.593</b>	<b>16,0</b>	<b>18,5</b>	<b>22,8</b>
<b>Atvinnuvegir alls</b> <i>Business sector investment</i>	<b>225.899</b>	<b>301.071</b>	<b>376.739</b>	<b>17,3</b>	<b>29,9</b>	<b>26,4</b>
Landbúnaður og skógrækt <i>Agriculture and forestry</i>	10.383	11.985	12.756	9,3	12,5	6,9
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	9.334	20.163	13.762	437,1	112,3	-30,0
Matvælavinnsla <i>Manufacture of food products and beverages</i>	12.466	10.519	13.098	10,6	-17,4	27,4
Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	9.521	17.317	21.941	-25,6	80,4	32,1
Annar iðnaður <i>Other manufacturing</i>	14.141	17.658	21.471	18,3	21,0	21,3
Rafvirkjanir, raf-, hita- og vatnsveitur <i>Production and distribution of electricity and water</i>	23.801	32.609	48.503	-8,2	32,8	48,9
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	16.759	14.277	20.015	13,8	-16,7	42,6
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	12.569	12.732	15.644	16,6	-0,1	26,8
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	9.574	17.509	22.777	56,6	77,1	29,0
Flugsamgöngur <i>Air transport</i>	5.768	27.833	33.016	19,8	370,9	26,3
Flutningar, ferðaskrifstofur o.þ.h. <i>Travel agencies and tour operators n.e.c.</i>	8.641	14.076	30.698	26,9	57,4	112,1
Samgöngur <i>Transport</i>	3.318	5.900	8.142	-11,9	75,3	44,2
Fjarskiptaþjónusta <i>Telecommunications</i>	8.637	9.154	9.562	16,0	3,7	8,4
Fjármálaþjón., váttryggingar og önnur fjármálastarfsemi <i>Financial intermediation and insurance</i>	6.342	2.518	1.362	29,6	-61,7	-45,1
Fasteignaviðskipti <i>Real estate activities</i>	18.237	18.147	25.472	532,5	-4,2	36,8
Ýmis leigustarfsemi og tölvuþjónusta <i>Computer and related activities</i>	17.526	27.701	31.202	6,4	54,8	14,5
Rannsóknir og þróunarstarf <i>Research and development</i>	13.137	17.591	19.284	23,2	27,2	4,1
Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities</i>	7.203	8.598	11.166	-37,2	15,7	28,1
Annað <i>Other n.e.c.</i>	18.541	14.786	16.869	1,1	-21,4	19,6
<b>Íbúðarhús alls</b> <i>Residential construction</i>	<b>58.812</b>	<b>58.361</b>	<b>80.793</b>	<b>14,8</b>	<b>-3,1</b>	<b>29,4</b>
<b>Starfsemi hins opinbera</b> <i>Public works and buildings</i>	<b>60.970</b>	<b>62.188</b>	<b>64.061</b>	<b>12,5</b>	<b>-2,6</b>	<b>-1,0</b>
Vegir og brýr <i>Roads and bridges</i>	11.930	11.630	13.087	29,6	-7,0	8,7
Götur og holræsi <i>Streets and sewers</i>	7.110	6.405	10.738	-9,1	-14,0	61,8
Byggingar hins opinbera <i>Public buildings</i>	19.403	20.449	16.745	17,4	0,9	-21,0
Önnur fjárfesting hins opinbera <i>Other public investment</i>	22.528	23.704	23.492	9,1	0,3	-5,5
<b>Atvinnuvegir alls, tegundaskipting</b> <i>Business sector investment, type of assets</i>	<b>225.899</b>	<b>301.071</b>	<b>376.739</b>	<b>17,3</b>	<b>29,9</b>	<b>26,4</b>
Fólksbifreiðar <i>Motor vehicles for industrial use</i>	6.786	9.222	13.050	19,3	39,7	44,3
Skip og skipsbúnaður, flugvélar o.fl. <i>Ships, aircrafts and pertaining equipments</i>	18.389	50.417	46.702	95,2	168,8	-1,8
Verksmiðju-, iðnaðarvélar og tæki <i>Manufacturing machinery and equipments</i>	28.659	32.969	41.396	11,6	14,2	32,4
Skrifstofuáhöld og tæki <i>Office machinery and computers</i>	36.910	33.411	34.596	8,6	-14,0	10,4
Vélar og tæki til jarðvegsvinnu og mannvirkjagerðar <i>Machinery tools for quarrying and construction</i>	29.902	36.059	48.658	16,0	19,2	42,8
Mannvirki <i>Construction</i>	74.928	102.509	153.887	16,1	31,4	46,3
þar af byggingar <i>thereof buildings</i>	48.954	67.868	89.675	50,2	32,6	27,4
Annað <i>Other n.e.c.</i>	30.325	36.484	38.449	10,0	15,6	-1,5

<sup>1</sup> Magnbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegri keðjutengingu. *Volume changes are based on annual chain linking.*<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 6. Skipting landsframleiðslunnar á framleiðsluþætti 2011–2016**

Table 6. Cost components of Gross Domestic Product 2011–2016

Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>	2016 <sup>1</sup>
<b>1. Verg landsframleiðsla Gross Domestic Product</b>	<b>1.708.315</b>	<b>1.787.684</b>	<b>1.899.680</b>	<b>2.019.038</b>	<b>2.232.362</b>	<b>2.448.809</b>
2. Vörutengdir skattar Taxes on products	193.381	209.806	216.780	229.773	251.841	279.188
3. Vörutengdir styrkir Subsidies on products	15.037	15.764	13.833	14.054	14.338	15.158
<b>4. Vinnsluvirði á grunnverði (4.=1.-2.+3.)</b>						
<b>Valus added, basic prices (4.=1.-2.+3.)</b>	<b>1.529.971</b>	<b>1.593.642</b>	<b>1.696.733</b>	<b>1.803.319</b>	<b>1.994.858</b>	<b>2.184.778</b>
5. Aðrir skattar á framleiðslu Other taxes on production	39.886	45.145	50.411	84.741	83.461	65.230
6. Aðrir styrkir á framleiðslu Other subsidies on production	13.964	14.494	16.897	15.094	15.170	18.921
<b>7. Vergar þáttatekjur (7.=4.-5.+6.-10.)</b>						
<b>Gross factor income (7.=4.-5.+6.-10.)</b>	<b>1.504.049</b>	<b>1.562.991</b>	<b>1.663.219</b>	<b>1.733.672</b>	<b>1.926.567</b>	<b>2.138.468</b>
8. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	851.474	910.349	987.190	1.045.345	1.155.144	1.298.382
9. Vergur rekstrarafgangur (9.=7.-8.)						
Operating surplus, gross (9.=7.-8.)	652.576	652.642	676.029	688.326	771.423	840.086
9.1 Bókfærðar afskriftir						
Consumption of fixed capital (business acc.)	279.550	287.636	322.763	314.867	306.518	...
9.2 Hreinn rekstrarafgangur Operating surplus, net	373.025	365.006	353.266	373.460	464.905	...

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 7. Magnvísitölur atvinnuvega og landsframleiðslunnar í heild 2012–2016**

Table 7. Gross Domestic Product by industries, volume indices 2012–2016

Magnvísitölur, 2005=100 Volume indices, 2005=100	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>	2016 <sup>1</sup>
A. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar Agriculture, forestry and fishing	91,4	92,9	92,0	96,2	93,5
Þar af fiskveiðar There of fishing	82,2	83,0	81,8	86,3	82,5
B.–E. Framleiðsla, námugróftur, veitur og meðhöndlun úrgangs					
Mining; manufacturing; electricity; water supply; waste management	129,4	143,9	147,9	156,0	148,2
F. Byggingarstarfsemi Construction	51,2	55,9	61,2	67,6	96,5
G.–I. Verslun, samgöngur, rekstur veitinga- og gististaða					
Wholesale & retail trade; transportation; accommod. and food service	110,5	117,7	126,6	143,8	168,6
J. Upplýsingar og fjarskipti Information and communication	112,4	123,1	132,1	141,3	158,2
K. Fjármála- og váttryggingarstarfsemi Financial and insurance activities	124,6	101,3	88,5	75,5	71,7
L. Fasteignaviðskipti Real estate activities	102,5	104,5	104,6	105,6	106,9
M.–N. Ýmis sérhæfð þjónusta Other service activities	114,0	119,2	126,1	142,5	169,3
O.–Q. Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta					
Public adm.; education; human health and social work activities	94,9	95,9	97,5	98,5	100,3
R.–U. Önnur starfsemi Other activities	107,3	114,2	117,4	118,8	133,0
<b>Allar atvinnugreinar Total industries</b>	<b>106,4</b>	<b>109,9</b>	<b>112,6</b>	<b>117,9</b>	<b>126,5</b>
Breyting frá fyrra ári, %					
Percentage change from previous year, %	1,3	3,3	2,4	4,7	7,4
Til samanburðar: Breyting skv. útgjaldauppgjöri, %					
Memorandum: Change according to expenditure approach, %	1,3	4,3	2,1	4,3	7,4

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 8. Hlutfallsleg skipting landsframleiðslu eftir atvinnuvegum 2012–2016**Table 8. *Gross Domestic Product by industries, percentage breakdown 2012–2016*

Hlutfallsleg skipting <i>Percentage breakdown</i>	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>	2016 <sup>1</sup>
A. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar <i>Agriculture, forestry and fishing</i>	7,6	6,8	6,1	6,2	5,7
Þar af fiskveiðar <i>There of fishing</i>	6,4	5,5	4,8	5,0	4,5
B.–E. Framleiðsla, námugróftur, veitur og meðhöndlun úrgangs <i>Mining; manufacturing; electricity; water supply; waste management</i>	19,1	18,8	17,6	17,1	15,2
F. Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	4,6	4,8	5,5	5,5	7,3
G.–I. Verslun, samgöngur, rekstur veitinga- og gististaða <i>Wholesale &amp; retail trade; transportation; accommod. and food service</i>	16,3	17,1	17,6	19,3	21,2
J. Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	4,2	4,9	4,6	4,8	5,0
K. Fjármála- og váttryggingastarfsemi <i>Financial and insurance activities</i>	9,1	7,8	7,9	6,2	5,6
L. Fasteignaviðskipti <i>Real estate activities</i>	9,7	10,0	10,3	10,1	8,9
M.–N. Ýmis sérhæfð þjónusta <i>Other service activities</i>	7,1	7,3	7,9	8,5	9,5
O.–Q. Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Public adm.; education; human health and social work activities</i>	19,3	19,7	19,7	19,5	18,7
R.–U. Önnur starfsemi <i>Other activities</i>	2,8	2,9	2,8	2,8	2,9
<b>Allar atvinnugreinar <i>Total industries</i></b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*



Hagtíðindi  
Statistical Series

102. árg. • 16. tbl.

ISSN 1670-4770

Þjóðhagsreikningar  
***National accounts***

8. september 2017

Umsjón *Supervision* Gunnar Axel Axelsson • [gunnar.axelsson@hagstofa.is](mailto:gunnar.axelsson@hagstofa.is)

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) [www.statice.is](http://www.statice.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*